

ÍS 47 ehf.
Fagraholti 3
400 Ísafjörður

Reykjavík, 16. janúar 2020
UST201901-300/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 5.11. 2019, hjá ÍS 47, Önundarfirði.


Þann 5. nóvember sl. fór fram eftirlit í ÍS 47, Önundarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu en tvö ný frávik komu fram er varða:

1. Gr 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna 2018, sem skilað var 27. mars sl., uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Ábending var gerð í eftirliti 2018 er varðaði að gildandi vöktunaráætlun kveður ekki á um mælingar í sjósýnum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um þá gæðaþætti sem vakta skal í strandsjó. Umhverfisstofnun óskaði því eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. Ný vöktunaráætlun barst 15. janúar sl. og bíður samþykktar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi þrjú eldri frávik en Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri tímasettri áætlun vegna þeirra samhliða tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7. febrúar, 2020.

Virðingarfyllst


Hulda S. Jónasdóttir
sérfraðingur


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: ÍS 47	Dags. eftirlits: 05.11.19	Staðsetning stöðvar: Önundarfirði	Starfsleyfisflokkur: 3
Kennitala rekstraraðila: 650633-3030	Gildistími starfsleyfis: 31.12. 2030	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíaeldi, regnbogasilungur og þorskur allt að 1200 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Um 170 tonn af regnbogasilungi var í kvíum þegar eftirlitsheimsóknin fór fram og taldi rekstraraðili ólíklegt að hann næði að hefja slátrun á árinu.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar á rekstri, rekstraðili bíður eftir útgáfu rekstraraleyfis að 1200 tonnum þar sem starfsleyfi er til 1200 tonna en rekstrarleyfi að 200 tonnum.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar og innra eftirlit hafa batnað mikil frá seinasta eftirliti, en herslumuninn vantar. Til stóð skv. úrbótaáætlun rekstraðila frá 4. október sl. að hefja skráningar á hreinsiefnum, sóthreinsiefnum, lyfjum, þjálfun og reynslu starfsfólks 1. nóvember sl. Skráningarnar höfðu ekki hafist þegar heimsóknin átti sér stað, en eftirlitsaðili veitti frekari leiðbeiningar. Skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila 15. jan sl. stendur til að hefja skráningar strax en verið sé að ganga frá forritum. Rekstraraðila er bent á að senda staðfestingu þess efnis á eftirlitsaðila þegar skráningar hafa verið hafnar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirliti var skilað 27. mars sl. en stofnunin beindi þeim tilmælum til rekstraraðila í eftirlitsskýrslu vegna eftirlits 2018 að því yrði skilað aftur fyrir 1. maí nk. með fullnægjandi upplýsingum í samræmi við skráningu fráviks á skilum ársyfirlits 2017 og leiðbeiningar eftirlitsaðila.

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

				Heimild starfsleyfis til losunar fosfórs í viðtaka er 14 kg/tonn af framleiddum fiski, því óskaði stofnunin eftir því að losun fosfórs kæmi einnig fram á því formi í ársyfirliti. Uppfærð ársyfirlit 2017 og 2018 hafa ekki borist en skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila 15 jan sl. hefur vinna við uppfærsluna verið hafin.	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað 27. mars sl.	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Áætlanir bárust í tölvupósti þann 4. október sl. og voru aðgengilegar í eftirlitinu.	
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.	
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Áætlun barst í tölvupósti 4. október sl. og var aðgengileg í eftirlitinu.	

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Uppfærð umhverfismarkmið bárust 4. október sl. Eftirlitsaðili bendir þó a að gott er að setja mælanleg markmið.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðri blásið skv. fóðurtöflu en einnig skoðað hvernig fiskur tekur.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk vört?		X		Skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis í kg en ekki kg/tonn.

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?			Ábending var gerð í eftirliti 2018 um að losun skyldi einnig koma fram á því formi í ársyfirliti. Mælt í sjósýnum sem tekin voru í nóvember 2019.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X		Ef fiskur tekur illa fóðrun veiðir rekstraraðili fisk í kringum kvíar og athugar hvort hann sé að éta fóður. Enginn fugl eða blómi var sjáanlegur.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X		Í lagi.
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X		Þegar eftirlitsheimsóknin fór fram var fiskur í tveimur kvíum, u.p.b. 170 tonn meðalþyngd um 4 kg.
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X		Áætlað var að slátrun á 2017 árgangi lyki á árinu en skv. upplýsingum frá rekstraraðila á meðan eftirlitsheimsókn stóð var þá óljóst hvort tækist að hefja hana fyrir áramót. Ekki er fastsett hvenær seiði verða sett út, í fyrsta lagi í júní/júlí. Rekstraraðili skal hafa í huga að þótt að starfsleyfi tiltaki ekki lágmarks hvíldartíma eftir slátrun hverrar kynslóðar gildir lágmarks hvíldartími sem kveðið er á um í reglugerð um fiskeldi.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?		X	Sjósýni höfðu ekki verið tekin þegar eftirlitsheimsóknin fór fram. Vakta skal gæðaþætti í strandsjó, samþykktu af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknarstofnun. Skv. upplýsingum frá fulltrúa rekstraraðila voru sjósýni tekin 25. nóvember sl.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X		Klofningur sér um móttöku dauðfisks.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X	Vöktun hefur ekki verið í samræmi við starfsleyfi þar sem ekki hefur verið unnið eftir samþykktri vöktunaráætlun. Stofnunin óskar

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

				eftir uppfærðri vöktunaráætlun sem skal vera í samræmi við ákvæði starfsleyfis, við ISO 12878, við samþykkta gæðaþætti í strandsjó, sem og frekari leiðbeiningar eftirlitsaðila. Drögum að nýrri vöktunaráætlun, sem bíða samþykktar eftirlitsaðila, var skilað 15. sl. og sýni tekin í samræmi við hana 25. nóvember sl.	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum mælinga 2017 var skilað. Frekari mælingar hafa ekki verið gerðar.	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Ekki er kveðið á um frekari mælingar í starfsleyfi.	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Næstu mælingar voru áætlaðar í nóvember 2019, og þar á eftir hvíldarsýnataka 2020. Rorum sér um mælingar.	

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tíu frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit ársins 2018 er vörðuðu skráningar, ársyfirlit, skil á grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi, áætlanir vegna rekstrarstöðvunar og bráðamengunar og umhverfismarkmið.

Tvær ábendingar voru gerðar er vörðuðu vöktun og vöktunaráætlun.

Samantekt:	Tíu frávik komu fram við seinasta eftirlit og hefur 7 af þeim verið lokað þar sem umbeðin gögn hafa borist. Frávik er varða skráningar, ársyfirlit og vöktun eru enn opin. Ábending var gerð í eftirliti 2018 er varðaði að gildandi vöktunaráætlun kveður ekki á um mælingar í sjósýnum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um þá gæðaþætti sem vakta skal í strandsjó. Umhverfisstofnun óskaði því eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. Drög að uppfærðri vöktunaráætlun bárust 15. janúar sl. og bíður hún samþykktar eftirlitsaðila.
Annað:	Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Önundarfirði

UMHVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	5.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik eru enn opin frá eftirliti 2018 er varða skráningar, fullnægjandi ársyfirlit ársins 2017 og vöktun í samræmi við vöktunaráætlun.

Tvö ný frávik komu fram við eftirlitið, er varða ársyfirlit ársins 2018 og uppfærslu vöktunaráætlunar.
Ein ábending er gerð er varðar losun fosfórs og köfnunarefnis.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánari útlistun á fráviki frá grein 3.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit skal innihalda niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirlit 2018 inniheldur ekki fullnægjandi upplýsingar. Afföll og fóðurnýting koma ekki fram í yfirlitinu, ekki er nægilegt að vísa í skýrslu sem skilað er inn til annarrar stofnunar. Magn hreinsiefna, sótthreinsiefna og/eða lyfja sem notuð voru á árinu kemur ekki fram. Einnig kemur ekki fram hvort rekstraraðili nýti heimild í gr. 2.3 starfsleyfis til að nota lítaðar eldisnætur.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Ársyfirlit vegna 2018, sem skilað var 27. mars sl., uppfyllir ekki kröfur starfsleyfis. Nánari útlistun er undir umfangi eftirlits.

Gr. 5.1 í starfsleyfi

Ábending var gerð í eftirliti 2018 er varðaði að gjaldandi vöktunaráætlun kveður ekki á um mælingar í sjósýnum. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur Hafrannsóknarstofnunar um þá gæðaþætti sem vakta skal í strandsjó. Umhverfisstofnun óskaði því eftir uppfærðri vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. Ný vöktunaráætlun barst 15. janúar sl. og bíður samþykktar eftirlitsaðila

ÁBENDINGAR

Ábending var gerð í eftirliti 2018 um það form losunar sem kæmi fram í ársyfirliti. Þar sem uppfærð ársyfirlit vegna áranna 2017 og 2018 hafa ekki borist bendir eftirlitsaðili aftur á að ársyfirlit skuli innihalda upplýsingar um losun fosfórs og köfnunarefnis á forminu kg/tonn.


ANNAÐ

Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tilöni eftirlita frammvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.01.2020


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4